

TILSKIPUN RÁÐSINS

frá 11. desember 1973

um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi tilteknar sykurvörur til manneðis

(73/437/EBE)

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

setningareinkenni og reglur um merkingu og pökkun þeirra fyrir bandalagið í heild.

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 43. og 100. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

Val á aðferðum við sýnatöku og greiningu sem nauðsynlegar eru vegna eftirlits með samsetningu og framleiðslueinkennum vörunnar er um ræðir eru tæknilegar framkvæmdaráðstafanir og til að einfalda og hraða málsmeðferð ber að fela framkvæmdastjórninni að samþykkja þær.

með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins ⁽¹⁾,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽²⁾,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*Í öllum tilvikum þegar ráðið veitir framkvæmdastjórninni heimild til að koma reglum um matvæli í framkvæmd ber að kveða á um hvernig koma skuli á nánu samstarfi milli aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar innan fastanefndarinnar um matvæli sem komið var á fót með ákvörðun ráðsins frá 13. nóvember 1969 ⁽³⁾.

Í gildandi lögum og stjórnslufyrirmælum í aðildarríkjunum eru tilteknir flokkar af sykri skilgreindir, nánar kveðið á um skilgreiningar sem gilda um samsetningu þeirra og einkenni og reglur settar um merkingu og pökkun þessara vara.

Ósamræmið í ákvæðum landslaga milli aðildarríkjanna kynni að hindra frjálsa flutninga þessara vara og leiða til óréttmætrar samkeppni.

Ákvörðun um heildarinnihald brennisteinsdíoxíðsleifa í vörum sem tilskipun þessi tekur til útheimtir að framleiðsluskilyrðum sé breytt í sumum aðildarríkjunum og til þess að svo megi verða þarf að gera ráð fyrir aðlögunartímabili. Að því er glúkósasíróp varðar, hvort sem það er afvatnað eða ekki, gilda undanþágurnar sem þannig er mælt fyrir um alls staðar í bandalaginu. Að því er aðrar vörur varðar er heimilt að takmarka þessar undanþágur við þau aðildarríki sem þess æskja.

Til þess að sameiginlegt skipulag á markaðinum fyrir sykur (súkrósa) gangi upp verður að ákvarða mismunandi gæðaflokka þessara vara sem settar eru á markað, sem og sam-

⁽¹⁾ Stjttíð. EB nr. C 101, 4. 8. 1970, bls. 33.⁽²⁾ Stjttíð. EB nr. C 146, 11. 12. 1970, bls. 20.⁽³⁾ Stjttíð. EB nr. L 291, 19. 11. 1969, bls. 9.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. gr.

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. *Hálfhvítur sykur*

hreinsaður og kristallaður súkrósi, óskemmdur og markaðshæfur, sem einkennist af eftirfarandi:

- | | |
|-----------------------------------------|-------------------------------------|
| a) skautun | ekki minni en 99,5 ° |
| b) innihaldi invertsykurs | ekki meira en 0,10% miðað við þyngd |
| c) efnistapi við þurrkun | ekki meira en 0,10% miðað við þyngd |
| d) brennisteinsdíoxíðsinnihaldi afganga | ekki meira en 15 mg/kg. |

2. *Sykur eða hvítur sykur*

hreinsaður og kristallaður súkrósi, óskemmdur og markaðshæfur, sem einkennist af eftirfarandi:

- | | |
|-----------------------------------------|---------------------------------------------------------------------|
| a) skautun | ekki minni en 99,7 ° |
| b) innihaldi invertsykurs | ekki meira en 0,04% miðað við þyngd |
| c) efnistapi við þurrkun | ekki meira en 0,10% miðað við þyngd |
| d) brennisteinsdíoxíðsinnihaldi afganga | ekki meira en 15 mg/kg. |
| e) litargerð | ekki meira en 12 punktar, ákvarðaðir í samræmi við a-lið í viðauka. |

3. *Fínhreinsaður hvítur sykur*

vara sem hefur sömu einkenni og um getur í liðum a – d í 2. lið með heildarpunktafjölda sem ákvarðaður er í samræmi við ákvæði viðaukans, mest 8 og ekki fleiri en:

- 4 fyrir litargerð
- 6 fyrir öskuinnihald
- 3 fyrir lit í lausn.

4. *Sykurlausn*

vatnslausn súkrósa sem einkennist af eftirfarandi:

- | | |
|-----------------------------------------------------------------------------------|--------------------------------------------------------------------------------------|
| a) þurrefni | ekki minna en 62% miðað við þyngd |
| b) innihaldi invertsykurs (hlutfallið milli frúktósa og dextrósa: $1,0 \pm 0,2$) | ekki meira en 3% miðað við þyngd þurrefnis |
| c) öskuinnihaldi mældu með leiðni | ekki meira en 0,1% miðað við þyngd þurrefnis, ákvarðað í samræmi við b-lið í viðauka |
| d) lit í lausn | ekki meira en 45-ICUMSA einingar, ákvarðaðar í samræmi við c-lið í viðauka |
| e) brennisteinsdíoxíðsinnihaldi afgangi | ekki meira en 15 mg/kg miðað við þurrefni. |

5. *Invertsykurlausn*

vatnslausn súkrósa sem er að hluta til inverteraður með vatnsrofi þar sem hlutfallið af invertsykri er ekki yfirgnæfandi og sem einkennist af eftirfarandi:

- | | |
|-------------------------------------------------------------------------------------|--------------------------------------------------------------------------------------|
| a) þurrefni | ekki minna en 62% miðað við þyngd |
| b) innihaldi invertsykurs (hlutfallið milli frúktósa og dextrósa: $1, 0 \pm 0, 1$) | meira en 3% en ekki meira en 50% miðað við þyngd þurrefnis |
| c) öskuinnihaldi mælt með leiðni | ekki meira en 0,4% miðað við þyngd þurrefnis, ákvarðað í samræmi við b-lið í viðauka |
| d) brennisteinsdíoxíðsinnihaldi afgangi | ekki meira en 15 mg/kg miðað við þurrefni. |

6. *Invertsíróp*

vatnslausn, hugsanlega kristölluð, af súkrósa sem er að hluta til inverteraður með vatnsrofi þar sem hlutfallið af invertsykri er yfirgnæfandi og einkennist af eftirfarandi:

- | | |
|-------------------------------------------------------------------------------------|--------------------------------------------------------------------------------------|
| a) þurrefni | ekki minna en 62% miðað við þyngd |
| b) innihaldi invertsykurs (hlutfallið milli frúktósa og dextrósa: $1, 0 \pm 0, 1$) | meira en 50% miðað við þyngd þurrefnis |
| c) öskuinnihaldi mældu með leiðni | ekki meira en 0,4% miðað við þyngd þurrefnis, ákvarðað í samræmi við b-lið í viðauka |
| d) brennisteinsdíoxíðsinnihaldi afgangi | ekki meira en 15 mg/kg miðað við þurrefni. |

7. *Glúkósasíróp*

hreinsuð og þykk vatnslausn sykra sem notaðar eru í matvæli, framleidd úr sterkju og einkennist af eftirfarandi:

- | | |
|------------------------------------------|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| a) þurrefni | ekki minna en 70% miðað við þyngd |
| b) dextrósajafngildi | ekki minna en 20% miðað við þyngd þurrefnis og gefið upp sem D-glúkósi |
| c) sulfatösku | ekki meira en 1,0% miðað við þyngd þurrefnis |
| d) brennisteinsdíoxíðsinnihaldi afgangi: | |
| — almennt | ekki meira en 20 mg/kg |
| — til nota í sätindi eingöngu | er aðildarríkjunum heimilt, samanber þó ákvæði í landslögum eða bandalagsákvæði þar sem hámarksinnihald brennisteinsdíoxíðs ýmissa sätindavara er ákvarðað, að setja vikiörk fyrir glúkósasíróp, til sölu á þeirra eigin yfirráðasvæði, sem eru hærri en 20 mg/kg en ekki hærri en 400 mg/kg |

— til nota í önnur tiltekin matvæli

er aðildarríkjunum heimilt, í samræmi við ákvæði í landslögum sem gilda um þessi matvæli og með fyrirvara um bandalagsákvæði, að setja vikmörk fyrir glúkósasíróp, til sölu á þeirra eigin yferráðasvæði, sem eru hærri en 20 mg/kg en ekki hærri en 400 mg/kg, að því tilskildu að þessi vikmörk séu nauðsynleg af tæknilegum ástæðum.

8. Þurrkað glúkósasíróp

glúkósasíróp þurrkað að hluta og sem einkennist af eftirfarandi:

- | | |
|------------------------------------------|-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| a) þurrefni | ekki minna en 93% miðað við þyngd |
| b) dextrósajafngildi | ekki minna en 20% miðað við þyngd þurrefnis og gefið upp sem D-glúkósi |
| c) súlfatösku | ekki meira en 1,0% miðað við þyngd þurrefnis |
| d) brennisteinsdfoxíðsinnihaldi afganga: | |
| — almennt | ekki meira en 20 mg/kg |
| — til nota í sätindi eingöngu | ekki meira en 150 mg/kg. Þessi vikmörk hafa þó ekki áhrif á ákvæði í landslögum eða bandalagsákvæði þar sem hámarksinnihald brennisteinsdfoxíðs fyrir sätindi er fastsett |
| — til nota í önnur tiltekin matvæli | er aðildarríkjunum heimilt, í samræmi við ákvæði í landslögum sem gilda um þessi matvæli og með fyrirvara um bandalagsákvæði, að setja vikmörk fyrir glúkósasíróp, til sölu á þeirra eigin yferráðasvæði, sem eru hærri en 20 mg/kg en ekki hærri en 150 mg/kg, að því tilskildu að þessi vikmörk séu nauðsynleg af tæknilegum ástæðum. |

9. Dextrósamónóhýdrat

hreinsaður og kristallaður D-glúkósi kristallaður með einni sameind af vatni og sem einkennist af eftirfarandi:

- | | |
|------------------------------------------|------------------------------------------------|
| a) dextrósa (D-glúkósi) | ekki minna en 99,5 % miðað við þyngd þurrefnis |
| b) þurrefni | ekki minna en 90,0% miðað við þyngd |
| c) súlfatösku | ekki meira en 0,25% miðað við þyngd þurrefnis |
| d) brennisteinsdfoxíðsinnihaldi afganga: | ekki meira en 15 mg/kg. |

10. Dextrósaanhýdríð

hreinsaður og kristallaður D-glúkósi sem er ekki kristallaður með vatni og einkennist af eftirfarandi:

- | | |
|------------------------------------------|------------------------------------------------|
| a) dextrósa (D-glúkósi) | ekki minna en 99,5 % miðað við þyngd þurrefnis |
| b) þurrefni | ekki minna en 98,0% miðað við þyngd |
| c) súlfatösku | ekki meira en 0,25% miðað við þyngd þurrefnis |
| d) brennisteinsdfoxíðsinnihaldi afganga: | ekki meira en 15 mg/kg. |

2. gr.

Aðildarríki skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að vörurnar sem um getur í 1. gr. séu einungis hafðar til sölu ef þær eru í samræmi við þær skilgreiningar og reglur sem eru settar í þessari tilskipun og viðauka við hana.

3. gr.

1. Heitin sem skráð eru í 1. gr. gilda eingöngu um þær vörur sem þar eru skilgreindar og skylt er að nota þau í viðskiptum til að auðkenna þær; einnig er heimilt að nota lýsinguna í 2. lið 1. gr. til að auðkenna vörur sem skilgreindar eru í 3. lið 1. gr.

Enn fremur skal orðið „hvítur“ eingöngu notað um:

a) sykurlausnir þegar liturinn í lausninni fer ekki yfir 25 ICUMSA-einingar, ákvarðaðar samkvæmt aðferðinni í c-lið viðaukans;

b) invertsykurlausn og invertsróp þar sem:

— öskuinnihald er ekki meira en 0,1%

— liturinn í lausninni fer ekki yfir 25 ICUMSA-einingar, ákvarðaðar samkvæmt aðferðinni í c-lið viðaukans.

2. Ákvæði 1. mgr. hafa þó ekki áhrif á ráðstafanir sem gerðar eru til að unnt sé að nota þessi sérstöku heiti til að auðkenna, venju samkvæmt, aðrar vörur sem ekki má rugla saman við þær vörur sem skilgreindar eru í 1. gr.

3. Hvað varðar notkun á orðinu „sykur“, án nánari skýringa, er einungis unnt að beita ákvæðum 1. mgr. í milliliðalausum viðskiptum með matvælasýkur, að undanskildum samsettum framleiðsluvörum sem slíkur sykur hefur verið notaður í.

4. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 7. og 8. liðar 1. gr. er hámarksinnihald brennisteinsdíoxíðs að jafngildi 40 mg/kg í vörunum sem skilgreindar eru í þessum tödluliðum leyfilegt í þrjú ár frá birtingu þessarar tilskipunar.

5. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1., 2., 3., 4., 5., 6., 9. og 10. liða 1. gr. er aðildarríkjunum heimilt, í fimm ár frá birtingu þessarar tilskipunar, að beita áfram ákvæðum í landslögum sem

leyfa hámarksinnihald brennisteinsdíoxíðs allt að 20 mg/kg í vörum sem settar eru á markað á yfirráðasvæði þeirra.

6. gr.

Þrátt fyrir viðeigandi ákvæði í landslögum er óheimilt að setja í smásölu þær vörur sem um getur í 7. og 8. liðum 1. gr. og innihalda meira en 20 mg/kg af brennisteinsdíoxíði.

7. gr.

Að því er þær vörur varðar sem um getur í 1. gr.:

— er óheimilt að nota þvottabláma við vinnslu á þeim,

— er heimilt að lita þær svo fremi þær séu ætlaðar til notkunar í öðrum matvælum í samræmi við gildandi ákvæði um áður nefnd matvæli og um notkun litarefna í þau.

8. gr.

1. Þegar vörunum sem um getur í 1. – 3. lið 1. gr. er pakkað í umbúðir sem vega milli 100 g og 5 kg nettó hver eining skulu þær eingöngu settar í sölu í eftirfarandi nettóþyngd hver eining: 125 g, 250 g, 500 g, 750 g, 1 kg, 1,5 kg, 2 kg, 2,5 kg, 3 kg, 4 kg og 5 kg.

2. Tímabundið, en ekki lengur en í fimm ár eftir birtingu þessarar tilskipunar, eru leyfðar aðrar þyngdareiningar, nettó eða brúttó, en þær sem taldar eru í 1. mgr. ef þær eru í samræmi við gildandi ákvæði í landslögum eða ríkjandi venjur þegar þessi tilskipun er birt.

9. gr.

1. Einu upplýsingarnar sem skylt er að veita á umbúðum, ílátum eða merkimiðum þeirra vara sem skilgreindar eru í 1. gr. eru:

a) heiti vörunnar samkvæmt 1. gr.; þó skal

— vera valfrjálst að setja áletrunina „mónóhýdrat“ og „anhýdríð“ á vörur sem skilgreindar eru í 9. og 10. lið 1. gr. og seldar eru í smásölu,

- skýringin „með litarefnum“ fylgja heiti á vörum með litarefnum í samræmi við 6. gr. og í því tilvikum er bannað að nota orðið „hvítur“;
- b) nettóþyngd, nema vörurnar vegi minna en 50 g; þessi undantekning gildir ekki um vörur sem veiga minna en 50 g hver um sig í umbúðum með tveimur eða fleiri stykkjum af slíkum vörum og nettóþyngd þeirra með umbúðum er ekki undir 50 g; í þessu tilvikum er skylt að veita upplýsingar um heildarnettóþyngd varanna á ytri umbúðunum; þó er heimilt, að því er varðar þær vörur sem um getur í 1., 2., 3., 9. og 10. lið 1. gr., að gefa upp lágmarksnettóþyngd í stað upplýsinga um nettóþyngd ef vörurnar eru boðnar til sölu í stykkjum eða smápökum;
- c) heiti eða fyrirtækjaheiti og heimilisfang eða skráð skrifstofa framleiðanda, pökkunaraðila eða seljanda með staðfestu innan bandalagsins; þessi ákvæði hafa ekki áhrif á rétt framleiðanda til að krefjast þess að annaðhvort heiti hans eða fyrirtækjaheiti komi fram;
- d) upplýsingar um raunverulegt innihald þurrefnis og invertesykurs í sykurlausn, invertesykurlausn eða invert-sírópi;
- e) heitið „kristallað“ fyrir invertsíróp sem inniheldur kristalla í lausninni;
- f) að því er varðar glúkósasíróp eða þurrkað glúkósasíróp þar sem innihald brennisteinsdíoxíðs er meira en 20 mg/kg, eða, í tilvikum sem um getur í 4. gr., meira en 40 mg/kg, skal fylgja ábending um þau matvæli sem það er ætlað til framleiðslu í, og er brennisteinsdíoxíðsinnihald afganga vörunnar gefið upp í fylgiskjölunum.
2. Merkingarnar sem um getur í 1. mgr. skulu vera áberandi, auðlæsilegar og óafmáanlegar.
3. Ákvæði 1. mgr. koma ekki í veg fyrir að vörur sem tilgreindar eru í 1. gr. beri, auk þeirra lýsinga sem skylt er að veita, aðrar lýsingar sem eru algengar í einstökum aðildarríkjum, að því tilskildu að ekki sé hætt á að þær villi um fyrir neytendum.
4. Ef vörum sem skilgreindar eru í 1. gr. er pakkað í umbúðir eða ílát að nettóþyngd sem er 10 kg eða meira og

þær eru ekki seldar í smásölu er heimilt að upplýsingarnar sem um getur í b-, d-, e- og f-lið 1. mgr. komi aðeins fram í fylgiskjölunum.

5. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. og með fyrirvara um ákvæði sem bandalagið mun samþykkja um merkingu matvæla er aðildarríkjunum heimilt að viðhalda ákvæðum í landslögum þar sem krafist er upplýsinga um:

- a) verksmiðju fyrir innanlandsframleiðslu;
- b) upprunalandið, þó er ekki heimilt að krefjast þessara upplýsinga um vörur sem eru framleiddar í bandalaginu.

6. Aðildarríki skulu forðast að setja nánari reglur en þær sem mælt er fyrir um í 1. og 2. mgr. um hvernig skuli veita upplýsingarnar sem um getur í 1. mgr. Þó er aðildarríkjunum heimilt að banna viðskipti á yfirráðasvæðum sínum með vörur sem skilgreindar eru í 1. gr. ef merkingarnar sem mælt er fyrir um í a-, d-, e- og f-lið 1. mgr. eru ekki settar á eina hlið umbúðanna eða ílátsins á tungumáli eða tungumálum landsins eða, eins og kveðið er á um í 4. mgr., í fylgiskjölunum.

Á Írlandi og í Breska konungsríkinu skal þó á aðlögunartímabilinu, sem kveðið er á um í 2. mgr. 8. gr., annarri vigt en þeirri sem gefin er upp í metrakerfinu fylgja jafngildi hennar í metrakerfinu, ef þessi ríki krefjast þess.

7. Ákvæði 1. – 6. mgr. gilda með fyrirvara um ákvæði sem bandalagið setur um merkingu.

10. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að beiting ósamhæfðra ákvæða í landslögum um samsetningu, framleiðsluforskriftir, umbúðir eða merkingu á þessum vörum sérstaklega, eða matvælum almennt, hindri ekki viðskipti með vörur sem um getur í 1. gr. og eru í samræmi við skilgreiningar og reglur sem settar eru í þessari tilskipun og I. viðauka hennar.

2. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki um ósamhæfð ákvæði landslaga sem sett eru til þess að:

— vernda almannaeilbrigði,

— koma í veg fyrir misferli, ef þau ákvæði hindra ekki að skilgreiningum og reglum sem kveðið er á um í tilskipun þessari sé beitt,

— vernda einkaréttindi á sviði iðnaðar og viðskipta, upplýsingar um upprunaland svo og upprunaheiti og til að koma í veg fyrir óheimarlega samkeppni.

11. gr.

Aðferðir við sýnatöku og greiningu, sem nauðsynlegar eru til að sannreyna að farið sé eftir reglum varðandi samsetningu og framleiðsluforskriftir varanna sem tilgreindar eru í 1. gr., skulu ákvarðaðar í samræmi við málsmeðferðina í 12. gr.

12. gr.

1. Þegar fylgja skal málsmeðferðinni í þessari grein ber formanni fastanefndarinnar um matvæli, sem komið var á fót með ákvörðun ráðsins frá 13. nóvember 1969 (hér á eftir kölluð „nefndin“) að vísa málinu til hennar, annaðhvort að eigin frumkvæði eða að beiðni fulltrúa aðildarríkis.

2. Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar leggur fyrir nefndina drög að þeim ráðstöfunum sem gera skal. Nefndin skal skila álit sínu fyrir þau tímamörk sem formaður setur eftir því hversu brýnt málið er. Álit skal samþykkt með 41 atkvæðis meirihluta og vega atkvæði aðildarríkjanna eins og kveðið er á um í 2. mgr. 148. gr. sáttmálans. Formaður greiðir ekki atkvæði.

3. a) Framkvæmdastjórnin skal samþykkja fyrirhugaðar ráðstafanir séu þær í samræmi við álit nefndarinnar.

b) Séu ráðstafanirnar ekki í samræmi við álit nefndarinnar eða skili nefndin ekki álit ber framkvæmdastjórninni án tafar að leggja fyrir ráðið tillögur um ráðstafanir sem gera skal. Ráðið tekur ákvörðun með auknum meirihluta.

c) Hafi ráðið ekkert aðhafst innan þriggja mánaða frá því að tillagan var lögð fyrir það skal framkvæmdastjórnin samþykkja fyrirhugaðar ráðstafanir.

13. gr.

Ákvæði 12. gr. gilda í átján mánuði frá þeim degi að málinu var fyrst vísað til nefndarinnar samkvæmt 1. mgr. 12. gr.

14. gr.

Þessi tilskipun gildir ekki um:

- a) vörur sem skilgreindar eru í 1. gr. þegar um er að ræða:
 - fínan sykurl,
 - molasykurl,
 - hleifa;
- b) vörur sem ætlaðar eru til útflutnings til landa utan bandalagsins.

15. gr.

Aðildarríkin skulu, ef þörf krefur, innan eins árs frá birtingu þessarar tilskipunar, breyta lögum sínum í samræmi við ákvæði þessarar tilskipunar og tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað. Þau lög sem þannig er breytt gilda um vörur sem boðnar eru til sölu í aðildarríkjunum í tvö ár eftir birtingu þessarar tilskipunar.

16. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 11. desember 1973.

Fyrir hönd ráðsins,

Ib FREDERIKSEN

forseti.

VIÐAUKI

Aðferðir við að ákvarða litargerð, öskuinnihald og lit í sykurlausn (hvíttri) og fínhreinsuðum hvítum sykri sem skilgreindur er í 2. og 3. lið 1. gr.

Einn „punktur“ svarar til:

- a) í litargerð: 0,5 eininga, sem ákvarðaðar eru með aðferðum Iðntæknistofnunarinnar í landbúnaði og sykuriðnaði í Brúnsvík, samanber 2. mgr. A-hluta í viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 1265/69⁽¹⁾ frá 1. júlí 1969 þar sem kveðið er á um aðferðir til að ákvarða gæði sykurs sem keyptur er fyrir milligöngu umboðsaðila;
- b) í öskuinnihaldi: 0,0018%, sem ákvarðaðar eru með aðferðum Alþjóðanefndarinnar um samræmdar aðferðir í sykurgreiningum (International Commission for Uniform Methods of Sugar Analyses) (ICUMSA) sem um getur í 1. mgr. A-hluta í viðauka við nefnda reglugerð;
- c) í lit í lausnum: allt að 7,5 eininga, sem ákvarðaðar eru með ICUMSA-aðferðinni sem um getur í 3. mgr. A-hluta í viðauka við nefnda reglugerð.

⁽¹⁾Stjútíð. EB nr. L 163.4. 7. 1969, bls. 1.
